

33

28. apríl

Að liðnum 50 árum er þáverandi stjórn sjóðsins heimilt að breyta skipulagsskrá þessari, í samræmi við breytta tíma. Þó má aldrei skerða höfuðstól sjóðsins né gera hann að eyðslueyri, og ætíð skal sjóðurinn styrkja menntun barna og unglinga, og efla mannúðar- og menningarmál innan sveitarinnar, eins og gert er ráð fyrir í skipulagsskrá þessari, enda fáiast á þeirri breytingu samþykki fjölmenns hreppsfundar og konungleg staðfesting.

9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

34

28. apríl

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns prófests Guðmundssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. apríl 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns prófests Guðmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frú Guðnýju Þorsteinsdóttur, ekkju séra Jóns Guðmundssonar, fyrrum prófests að Nesi í Norðfirði, og heitir „Minningarsjóður Jóns prófests Guðmundssonar“.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — krónur. Er sjóðurinn eign Háskóla Íslands og undir stjórn háskólaráðsins.

3. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í bankavaxtabréfum, eða á annan jafntryggan hátt.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Það fé, sem sjóðnum kann að áskotnast fyrir gjafir, áheit eða á annan hátt, leggist við höfuðstólinn.  $\frac{1}{4}$  hluti vaxtanna leggist einnig við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 — fimmtíu þúsund — krónur. Eftir þann tíma leggist  $\frac{1}{5}$  hluti vaxtanna við höfuðstólinn, unz hann er orðinn 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur, en að þeim tíma liðnum má verja öllum vöxtum sjóðsins á þann hátt, sem segir í 5. grein.

5. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem ekki er lagður við höfuðstólinn, skal árlega varið til að styrkja þá háskólanemendur, sem ekki hafa nægilegan fjárfkost til að kosta sig sjálfir við háskólann. Forgangsrétt til styrks úr sjóðnum hafa þeir stúdentar, sem eiga heima í Skorrastaðaprestakalli, þ. e. Neskaupstað og Norðfjarðarhreppi, þannig að styrkur úr sjóðnum verði eigi veittur öðrum, fyrr en allir stúdentar, búsettir á fyrrgreindu svæði, sem ekki geta kostað sig sjálfir við háskólann, hafa hlotið árlegan styrk úr sjóðnum, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva til.

6. gr.

Reikningur sjóðsins skal birtur árlega í Árbók Háskólans.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.